



Mynd: Úr einikasafni

Birkir Snær Guðjónsson

„Það vantar meiri sveigjanleika í verkalyðshreyfinguna“

Birkir Snær Guðjónsson er þrjátíu og þriggja ára Fáskrúðsfirðingur og er virkur í félagsstarfi. Hann situr í stjórn ungliðahreyfingar ASÍ og er formaður undirbúningsnefndar Franskra daga. Birkir vill sjá meiri virðingu fyrir frönsku arfleiddinni á Fáskrúðsfirði og sveigjanleika í verkalyðshreyfingunni.

Birkir er uppallinn á Fáskrúðsfirði þar sem býr ennþá en hann skrifaði einmitt nýverið undir kaupsamning á húsi í hjarta bæjarins. „Ég er mjög heimakær. Ég hef gert tvær eða þrjár tilraunir til að búa annarsstaðar og fór þá ekki langt. Þessar tilraunir hafa gengið afskaplega illa þannig að ég ákvað að halda mig við Fáskrúðsfjörð,“ segir Birkir.

Birkir er í sambúð með Katrínu Leu Hjálmarsdóttur og eiga þau tvær dætur. Hrafnhildur Sara er 6 ára og Berglind Agla verður 2 ára í júlí. Að auki eiga þau svörtu labrador tókina Tinnu.

Fann sig ekki í bóknámi

Birkir og Katrín kynntust þegar þegar hún hóf störf hjá Eimskipum á Reyðarfirði þar sem Birkir vinnur.

„Fyrir áhugasama um ættfræði þá er Katrín ættuð frá Gestsstöðum í Fáskrúðsfirði. Við höfum reyndar ekki alltaf búð hérna heldur fluttum við á Reyðarfjörð um tíma en mér hefur alltaf gengið illa að vera lengi í burtu frá Fáskrúðsfirði svo úr varð að við settumst að hér.“

Birkir lætur vel af uppvaxtarárunum. „Það var fínt að alast hér upp, lítill staður þar sem allir þekkja alla. Þú getur labbað innhjá flestum, þetta er frjálst hérna. Maður var mikið í íþróttum en hafði annars ofan af fyrir sér sjálfur. Ég æfði frjálssar, sund og fótbolta, ég held að það hafi verið allt sem var í boði á þeim tíma. Svo fór maður á skauta þegar Ósinn var fróssinn og mamma og pabbi voru líka dugleg að fara með okkur á skíði í Oddskarð, þótt það hafi verið töluvert lengra ferðalag þá en í dag, þá var ekkert hægt að kíkja í vefmyndavélina áður en lagt var af stað til að athuga með veður. Maður býr að þessu í dag, að hafa stundað allar þessar íþróttir. Ég er svo sem að vasast í íþróttum ennþá. Svona eftir efnun og ástæðum,“ segir Birkir.

Þegar grunnskólagöngunni lauk tók Menntaskólinn á Egilsstöðum

við. „Ég fór í Menntaskólann á Egilsstöðum í einhverjar þrjár annir. En ég hef sömu sögu að segja og margir aðrir, ég fann mig ekki í bóknámi. Sem er kannski synd því ég á auðvelt með að læra þessi kjaftafög, saga og svoleiðis liggur mjög vel fyrir mér. En það entist ekki, ég fann mig ekki í þessu. Þá fór ég að vinna, fyrst í fiski hérna heima en síðan fór ég að vinna á Reyðarfirði og er búinn að vinna á Reyðarfirði í 15 ár. Fyrst vann ég hjá heildverslun sem hét Stjarna, svo fór ég yfir í Landflutninga í smá tíma og er búinn að vera hjá Eimskipum núna í 11 ár.“

Birkir er virkur í félagsstarfi og segist hafa verið það lengi. Hann byrjaði að taka þátt í undirbúningi bæjarhátíðarinnar Franskra daga á Fáskrúðsfirði snemma á þessari öld en síðan hefur þátttaka hans í félagsstarfi aukist. „Það hefur jafnvel verið orðað við mig hérna heima að þetta sé kannski að verða fram úr hófi. Katrín nefndi það við mig um daginn þegar hún sá félagsamtök vera að auglýsa eftir fólki að hún yrði nú fyrir vonbrigðum ef ég kæmi mér ekki í neina nýja stjórn á árinu. Ég er

gjaldkeri blakdeildar Leiknis og sit í aðalstjórn Leiknis, ég er í varastjórn ASÍ ung sem starfar alveg með stjórn og er formaður undirbúningsnefndar Franskra daga. Þetta er það helsta en svo er ég meðlimur í ördum félögum.“

Franska tengingin mikilvæg

Birkir segir bæjarhátíðina Franskra daga bæði vera mikilvæga Fáskrúðsfirði og Fáskrúðsfirðingum. „Hátíðin skiptir gríðarlega miklu máli fyrir bæjarfélagið, lyftir bæjarbragnum upp yfir þessa daga og svo er þetta líka tækifæri til að fara út að hitta fólk. Sem ég held að hafi aðrei verið mikilvægara en nú á þessari stafrænu öld, að fólk hitti annað fólk. Hátíðin dregur fólk inn í bæinn sem er líka alltaf jákvætt.“ Birkir myndi þó gjarnan vilja að tengingunni við Frakkland og arfleifð frönsku sjómanna væri gert hærra undir höfði. „Það má ekki gleyma tengingunni við Frakkland, mér finnst hún gleymast aðeins. Sjálfur hef ég farið tvisvar út á Íslandsdaga í

Gravelines í Frakklandi. Þar er menningartengingin í kringum þetta miklu skýrari, við eigum ekki þessa sömu tengingu við þetta tímabil eins og þeir. Það er mjög gaman að fara á Íslandsdagana, ég myndi náttúrulega mæla með því að allir Fáskrúðsfirðingar færu þangað, allavega einu sinni.“

Þrátt fyrir uppbyggingu franska bæjarins á Fáskrúðsfirði finnst Birkir að Fáskrúðfirðingar gætu verið meðvitaðri um söguna og veru frönsku sjómanna á Fáskrúðsfirði. „Mér finnst að við ættum að vera meira meðvitúð um þessi tengsl og hvað þetta skiptir Frakkana gríðarlega miklu máli. Maður sér það þegar maður fer þarna út hvað þetta skiptir þá miklu máli. Ég skil alveg að þetta sé fjarlægara fyrir okkur. En við verðum að halda þessari tengingu vel á lofti og Fjarðabyggð mætti standa sig betur í því líka.“

Birkir er spenntur fyrir Frönsku dögnum í ár og segir hátíðina verða veglegri í ár en undanfarið. „Núna erum við með framkvæmdastjóra, Daníel Geir Moritz, sem er búinn að vera mjög duglegur og það er margt í þáttunum. Það er verið að bæta í hátíðina og endurhugsa ákveðin atriði, lifga uppá og gera hana meira aðlaðandi. Við höfum misst ákveðinn hóp í Bræðsluna, en það er ekkert mikið. Við erum kannski meira að missa af fólki sem kíkti við hérna yfir daginn á götuskemmtuninni. Við ætlum að leggja aðeins meira í þetta núna, fá vonandi aðeins fleira fólk og bara hafa gaman. Við viljum gera meira fyrir alla aldurshópa og finna týnda aldurinn, ungmenni á aldrinum 13-18 ára.“

„Fólk kann ekki að berjast í verkalyðsbaráttu í dag“

Auk formennsku í undirbúningsnefnd Franskra daga er Birkir virkur í verkalyðshreyfingunni og situr í stjórn ungliðahreyfingar Alþýðusambandsins. „Þetta byrjaði þannig að það vantaði trúnaðarmann hjá Eimskipum þar sem ég er að vinna, við vorum með sér samning við Eimskip á þeim tíma. Mér fannst eftirfylgnin við hann ekki nægjanleg, þannig dett ég inn í þetta. Út af eðli þess að vera með sér samning krefst það þess að maður sé virkari en margur annar í samskiptum við verkalyðsfélagið sem trúnaðarmaður.“

Birkir finnst fólk allmennt ekki átta sig á mikilvægi verkalyðsmála og segir umræðuna einkennast af andstæðum. „Réttindin sem við búum við í dag, eins og sumarfrí og veikindaréttur, féllu ekki af himnum ofan. Fólk barðist virkilega fyrir þessum réttindum. Ég held að fólk kunni ekki að berjast í



Birkir ásamt dætrum sínum. Mynd: Úr einkasafni.

verkalyðsbaráttu í dag. Fólk lagði virkilega mikið á sig til að ná þessu og þess vegna er synd hvernig fólk umgengst þessi málefni og talar um þau,“ segir Birkir. „Við skulum samt hafa það á hreinu að mér finnst að engan ætti að hlakka til að fara í verkfall. Eins og frægt er orðið að sagt var. Verkfall er nauðvörn launafólks; til að berjast fyrir því að fá að semja um kaup og kjör. Menn eiga að umgangast það verkfæri af virðingu en engu að síður að nota það þegar tilefni er til. Þegar allt er stál í stál og engin leið virðist greið. En umræðan núna endurspeglar náttúrulega tvo alveg andstæða póla og þess vegna er hún svona alveg út á sitt hvorum vængnum.“

Það eru ekki margir á Birkis aldri virkir í verkalyðshreyfingunni á Austurlandi. „Ég hiti ekki marga á mínum aldri í þessu starfi en það eru alltaf einhverjir samt. Ég hef gaman af því þegar ég er ekki yngstur á fundum og mannamótum verkalyðshreyfingarinnar. Það gleður mig alltaf mikið. Mér finnst að fólk almennt, sama á hvaða aldri það er, ætti að hafa meiri skoðanir og meiri áhuga á þessari baráttu. Vegna þess að þetta skiptir okkur öll máli.“

Það er samt ekki endilega bara meintu áhugaleysi um að kenna að ungt fólk er ekki meira áberandi í verkalyðshreyfingunni segir Birkir. „Verkalyðshreyfingin þarf líka að vera duglegri að nálgast ungt fólk á þeirra eigin forsendum. Þannig að við náum til þessa hóps, sem er mjög

gripið fólk á meðan það hefur áhuga í staðinn fyrir að láta það hanga á kantinum í einhvern ákveðinn tíma og ætla svo að nýta það seinna af því að það þurfi að vera einhver ákveðin goggunarröð. Ég er samt ekki að segja að við eigum að losa okkur við reynsluboltana, það má alls ekki gerast. Það er mikilvægt að það sé blanda af fersku fólki og fólki með reynslu; að það sé ekki þannig að ef þú sért kominn í stjórn verkalyðsfélags að þá verðirðu þar alltaf. Það ætti frekar að vera hægt að detta inn og út. Það er ekki gott, ef þú hefur tíma og áhuga á einhverju tímabili til að sinna svona hlutum, að þú komist ekki að vegna þess að þú ert ekki búinn að fara réttu leiðina. Það held ég að sé ekki það sem við viljum sjá.“

En Birkir ítrekar mikilvægi þess að reynslan megi ekki tapast út þrátt fyrir að nýju fólki verði gert auðveldara að komast að „Reynsluleysi var það sem ég var hræddastur við í kjarasamningunum núna, þar sem Efling, VR og VLFA fóru fremst í flokki. Þarna var ekkert mjög mikil reynsla í að semja kjarasamninga, þótt að það hafi verið fundið mjög ferskt og flott nafn á þá.“

Birkir er ekki sammála því að nýju kjarasamningarnir séu miklir tímamóta samningar. „Miðað við væntingarnar sem fólk var leyft að hafa til þessara kjarasamninga þá er þetta ansi þunnur þrettándi. Kröfur sem við ættum að hafa fram í framtíðina voru settar inni kröfugerð, þeim skellt á borðið og sagt: þetta er það sem við ætlum að ná fram núna! Í staðinn fyrir að kynna fólki þetta sem ítrustu kröfurnar og að við myndum gera okkar besta í að ná eins miklu fram af þeim og við gætum. Í staðinn var sagt: við ætlum að fara í 425 þúsund, við ætlum að stytta vinnuvikuna, við ætlum og ætlum. Mér fannst þetta full djúpt í árina tekið. Núna kemur svo stytting vinnuvikunnar, við megum stytta vinnuvikuna en við þurfum bara algjörlega að borga fyrir það sjálf. Það er ekki sú stytting vinnuvikunar sem fólk hafði væntingar um held ég.“

Mér finnst þetta ekkert merkilegru samningar en síðustu samningar. Af því að hann er til langs tíma þá getur ríkisstjórnin barið sér á brjóst og sagt: við ætlum að gera þetta og þetta og þetta á samningstímanum. Sem þau hefðu mögulega hvort sem er ætlað að gera, af því að þetta er svo langur tími. Svo var náttúrulega haldinn bara einhver besti blaðamannafundur áratugarins klukkan hálf tólf að kvöldi. Það var fyrst og fremst góður efnivíður fyrir næsta áramótaskaup,“ segir Birkir að lokum og hlær.

viðkvæmur á vinnumakaði. Markmið okkar í ASÍ-UNG er að hugsa um þennan hóp og standa vörð um hann og upplýsa um réttindi hans eins og við getum.“

Hallarbyltingar ekki endilega af hinu góða

Birkir lýst ekki endilega vel á þróunina í Verkalyðshreyfingunni undanfarið. „Það hefur verið ákveðið brimrót í hreyfingunni undanfarið, ef við horfum á stóru félögin VR og Eflingu. Þetta gerist held ég þegar fólk upplifir að það sé ekki hlustað á það. Við sáum hallarbyltingu í Eflingu. Mér finnst þetta vera eitthvað sem verkalyðshreyfingin þarf að hugsa um. Hún er svolítið svifasein, eins og stofnun, bregst ekki nógu fljótt við umræðunni og því sem er að gerast. Aðlögunarhæfnin í hreyfingunni þyrfti að vera miklu meiri. Annars held ég að það sé ekkert endilega hollt að umskiptin verði svona eins og þau hafa orðið.“

Birkir myndi líka vilja að það væri auðveldara að taka þátt í starfinu. „Ef við gætum boðið uppá meiri aðlögunarhæfni þá hefðu líka kannski fleiri áhuga á að taka þátt í starfinu. Ef fólk vissi að það væri hægt að droppa inn, hafa áhuga og gera gagn í einhvern tíma og geta svo skilið sig frá þegar maður vill. Eins og að vera trúnaðarmaður, það er talað um að lenda í því að vera trúnaðarmaður og svo kannski losnar fólk ekkert úr því aftur. Það væri betra ef verkalyðshreyfingin gæti